

#### 4. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2013, haldinn 30. september 2013 í Flúðaskóla, kl. 14.00. 24. fundur kjörtímabilsins 2010 – 2014.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson sem ritaði fundargerð, Bjarney Vignisdóttir, varamaður Gunnars Jóhannessonar, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Eva Marín Hlynsdóttir, fulltrúi úr skólaráði og Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi kennara. Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi boðaði forföll og Ingvar Hjálmarsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

##### Dagskrá.

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Málefni skólaskrifstofu.
3. Skólastefna.
4. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

##### 1. Skýrsla skólastjóra.

Skólastarf hefur farið vel af stað og hófu 132 nemendur nám í haust. Við skólann starfa 33 starfsmenn í alls 24,6 stöðugildum sem skiptast sem hér segir:

Starf	Stjórnun	Kennsla	Húsvarsla	Stuðn.fulltr.	Skólasel	Ritari	Mötuneyti
Stöðugildi	2,18	15	0,6	3,6	0,3	0,5	2,45

Gengið hefur verið frá ráðningu nýs starfsfólks. Bjarni Birgisson hefur verið ráðinn matreiðslumaður við skólann í 100% starf. Þrír nýir kennarar komu til starfa þær Hrönn Axelsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Kristín Magdalena Ágústsdóttir. Hanna Björk Grétarsdóttir er nýr stuðningsfulltrúi, Þóra Sædís hefur umsjón með skólaseli og Alda Jóhannsdóttir ráðin í 50% stöðu við ræstingar.

Nemendur 10. bekkjar fóru til Danmerkur í upphafi skólaárs og var Anna Ásmundsdóttir ráðin sérstaklega í það verkefni. Anna vinnur með 10. bekkjum sem nemur tveimur tímum á viku til að klára verkefnið.

8. bekkingar fóru í einnar nætur ferð í Helgaskála. Hefð hefur skapast fyrir því að fara með þennan árgang í ferð til að hrista saman hópinn og hefur það gefist mjög vel.

Allir nemendur og starfsfólk fóru saman í árlega haustgöngu og að þessu sinni var farið að Hvammslaug þar sem Björg Björnsdóttir tók á móti okkur og síðan að Draugahver þar sem Helgi Jóhannesson tók á móti okkur. Allir voru sammála um að þetta hefði verið vel til fundið og skemmtilegt þar sem einstaklega vel var tekið á móti okkur.

Yngsta stigið fór í haustferð 17. september og að þessu sinni var það fjöruferð sem farin var í björtu en köldu veðri.

25 nemendur úr 5. – 10. bekk fóru á frjálisþróttamót á Laugarvatni þann 17. september .

Námsgreinaval hefur verið aukið í unglingadeildinni þar sem ákveðið var að bæta við tveimur bóklegum faggreinatengdum valtímum á viku.

Nú stendur yfir vinna við innleiðingu nýrrar námskrár og mun sú vinna standa í allan vetur. Tveir kennarar hafa tekið að sér að vinna með stjórnendum að skipulagningu á innleiðingunni sem verður unnið með þeim hætti að hver grunnþáttur menntunar verður til umfjöllunar í mánuð í senn í vetur.

Stýrihópur um heilsueflandi skóla hefur hafið störf og einnig stýrihópur um útikennslu.

*Skýrsla skrifuð 19. september.*

## **2. Málafni skólaskrifstofu.**

Formaður fór yfir stöðu mála. Skólaskrifstofa Suðurlands hættir starfsemi í lok árs og hafa sveitarfélögin í Árnessýslu, utan Árborgar, hafið vinnu við sameiginlega skólaþjónustu fyrir leik- og grunnskóla sveitarfélagana. Þeirri undirbúningsvinnu stýrir Gerður G. Óskarsdóttir sem hefur víðtæka reynslu af kennslu, stjórnun og ráðgjöf á sviði menntamála og er nú forstöðumaður Rannsóknastofu um þróun skólastarfs á Menntavísindasviði HÍ.

Haldnir hafa verið fundir með skólastjórum og formönnum fræðslu-/skólanefnda.

Skipuð hefur verið nefnd af hálfu sveitarfélagana sem vinnur með Gerði að undirbúningnum. Stefnt er að stofnun Skólaþjónustu Árneshöfna þann 1. desember n.k.

Skólastjóri skýrði frá fundi stjórnenda og Gerðar þar sem m.a. var farið yfir þörf skólans fyrir þjónustuna. Rætt var almennt um þjónustu Skólaskrifstofunnar, yfirfærslu gagna til nýju þjónustunnar og hvernig stjórnun skólaþjónustunnar innan félagsþjónustunnar verði háttað.

## **3. Skólastefna.**

Formaður fór yfir stöðu mála sem óbreytt frá síðasta fundi.

## **4. Önnur mál.**

**a. Kennsla á miðvikudag.** Skólastjóri skýrði frá því að kennsla verður felld niður eftir hádegi á miðvikudag vegna jarðarfara.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 14.30.

Að fundi loknum fóru fundarmenn í vettvangsferð um skólann þar sem nýjustu framkvæmdir voru skoðaðar.